

Mál nr. 209/2004

M

og

Vátryggingafélagið V vegna ábyrgðartryggingar bænda (B)

vegna tjóns á bifreið A

**Umferðaróhapp þegar ekið var á hross á Vesturlandsvegi við Svignaskarð þ.
29.8.2004.**

Gögn.

1. Málskot mótttekið þ. 20.10.2004.
2. Niðurstaða Tjónanefndar vátryggingarfélaganna nr. 755/2004.
3. Lögregluskýrsla dags. 29.8.2004. ásamt ljósmyndum.
4. Bréf lögmanns M dags. 17.9.2004.
5. Bréf V dags. 11.10. og 28.10.2004.

Málsatvik.

A var ekið inn í hrossahóp með þeim afleiðingum að hestur drapst og skemmdir urðu á A. Ökumaður A segist hafa ekið Vesturlandsveg til suðurs á um 70-80 km. hraða og hafi 3-4 hross skyndilega hlaupið út á veginn og hafi hann þá hemla og sveigja til hægri en ekki tekist að koma í veg fyrir umferðaróhapp það sem um ræðir. Ökumaður sem ók á eftir A segir að A hafi verið hemlað skyndilega og hafi hún þurft að nauðhemla til að lenda ekki aftan á A og segir vitnið að hún hafi séð þegar hrossin hlupu í veg fyrir A. Við athugun á vettvangi kom í ljós skv. lögregluskýrslu að hlið á veginum sem liggur að Borgarseli stóð opið þannig að hrossin sem voru í girðingunni komust greiðlega út á Vesturlandsveg. M krefst bóta vegna skemmda á A úr ábyrgðartryggingu eiganda hrossana hjá V. Í bréfi lögmanns M kemur m.a. fram að hliðið sem um ræðir hafi verið lélegt og öllum megi vera ljós hætta á því að sumarbústaðareigendur eða gestir þeirra sem fari um hlið eins og það sem um ræðir skilji það eftir opið og því verði að setja upp grindarhlið af viðurkenndri tegund til að hægt sé að telja að um fullnægjandi vörslur sé að ræða við aðstæður eins og þær sem hér ræðir um. Lögmaðurinn telur að eftirlitsskylda eiganda hrossana hafi verið vanrækt og beri hann ábyrgð á því. V hafnar bótaskyldu og bendir á að ekki sé upplýst hver hafi opnað hliðið svo að hrossin áttu greiða leið út á þjóðveg og hafi eigandi hrossana því ekki bakað sér skaðabótaábyrgð né unnið sér nokkuð til sakar. Þá bendir v. á 88.gr. umferðarlaga nr. 50/1987

Álit.

Samkvæmt 1. mgr. 88.gr. umferðarlaga nr. 50/1987 skal sá sem ábyrgð ber á skráningarskyldu ökutæki bæta það tjón sem hlýst af notkun þess enda þótt tjónið verði ekki rakið til bilunar eða galla í tækinu. Bætur fyrir tjón á munum má þó lækka eða fella það niður ef sá sem fyrir tjóni varð var meðvaldur að tjóninu af ásetningi eða gáleysi sbr. 3.mgr. sömu greinar. Lausaganga hrossa var bönnuð á þeim stað sem að ekið var á hrossið. Eiganda hestsins bar því að gæta þess að það slyppi ekki út á fjölfarin þjóðveg, þjóðveg nr. 1. Af ljósmyndum sem lagðar hafa verið fram kemur ekki fram að umræddu hliði eða girðingu hafi verið ábótavant. Fyrir liggur að hlið á girðingu þeirri sem hrossin voru geymd í var opið þegar umrætt umferðaróhapp varð. Hrossin áttu því greiða leið út og inn úr girðingunni sem þau voru geymd, út á einn fjölfarnasta þjóðveg landsins. Fyrir liggur að þeir sem vilja fara í sumarbústaði sem eru á svæðinu þurfa að fara um hliðið og því má ætla að nokkur umferð sé um hliðið. Leggja verður þá skyldu á eigendur hrossa eða annars búfjár sem ekki er heimilt

að hafa í lausagöngu að þeir hlutist til um að vörslur dýranna séu fullnægjandi. Það teljast ekki fullnægjandi eða öruggar vörslur hrossa að geyma þau í gírdingu með hliði þar sem fjöldi fólks fer um og getur að vild opnað eða lokað. Í þessu tilviki þykir það hafa verið gáleysi af hálfu eiganda hrossins að geyma það í gírdingu þar sem um var að ræða umferð fjölda manna og sú hættu fyrir hendi og mátti vera ljós eiganda hrossins að hliðið gæti verið skilið eftir opið eins og raun varð. Eigandi hrossins ber ábyrgð á því að vörslur hrossins skyldi ekki vera fullnægjandi og verður að fallast á það með lögmanni M að þeir sem vilja geyma hross á stað þar sem margir eiga umferð um verða að gera nauðsynlegar ráðstafanir til að umferð sé ekki hættu búin af því að hross geti sloppið með þeim hætti sem um ræðir í máli þessu.

Að virtu framangreindu er talið að bótaréttur B úr hendi M sé fallin niður sbr. 3. mgr. 88.gr. umferðarlaga. B ber ábyrgð á því tjóni sem M varð fyrir vegna skemmda á A. Tjón M skal því bætt úr ábyrgðartryggingu B.

Niðurstaða.

Tjón á A bætist úr ábyrgðartryggingu B.

Reykjavík 16.11.2004.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.